

Endurrit úr fundargerðabók Héraðsskjalasafns Árnesinga

Fundur í stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Fundur á Héraðsskjalasafni Árnesinga að Austurvegi 2 á Selfossi þann 6. október 2021.

Fundur settur kl. 08:15.

Mætt: Kjartan Björnsson, Gestur Þór Kristjánsson, Valgerður Sævarsdóttir og Þorsteinn Tryggvi Músson héraðsskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun 2022.

ÞTM fer yfir fjárhagsáætlun 2022.

Áætlun á tekjuhlíð fyrir héraðsskjalasafnið er kr. 47.026.000,-

Áætlun á rekstrargjöld fyrir héraðsskjalasafnið er kr. 46.990.000,-

Rekstarniðurstaða er því kr. 36.000,-

Hækkanir tengjast fyrst og fremst launalið vegna lögbundinna hækkana og vegna sérverkefna. Sjálfsaflafé og styrkir koma á móti þessum hækkunum, þ.e. vegna sérverkefna, persónuverndarfulltrúa auk styrkja frá Vinnuálastofnun, Uppbyggingasjóði Suðurlands og Þjóðskjalasafni. Framlag Héraðsnefndar hækkar um 3,46% sem er minni hækkun en undanfarin ár.

Sjálfsaflafé er samtals 9.000.000,- sem er tæplega 20% af rekstrarkostnaði. Húsnæðismál skjalasafnsins geta haft neikvæð áhrif á möguleika þess til tekjuöflunar. KB, GþK, VS og ÞTM tóku til máls. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 samþykkt.

2. Verkefnastaða - ljósmyndaverkefni

Það er mikið að gera, fjöldi afhendinga eru þegar yfir 70 talsins og samanlagður hillumetraffjöldi um 50 sem er í samræmi við áætlanir um magn afhendinga.

Ljósmyndasafn Jóns Eiríkssonar frá Vorsabæ á Skeiðum var afhent í ágúst. Ætla má að ljósmyndir í vörslu safnsins séu nú um 400.000. Á vef safnsins eru 120.000 ljósmyndir aðgengilegar og fjölgar þeim jafnt og þétt. Safnið nýtti sér átak stjórnvalda vegna COVID-19 með tímabundinni ráðningu á námsmanni sl. sumar.

Á vef skjalasafnsins er hægt að nálgast ljósmyndir, skjöl og skjalaskrár.

3. Persónuverndarfulltrúi

Héraðsskjalavörður er persónuverndarfulltrúi fyrir þrjú sveitarfélög, þ.e. Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp og Hrunamannahrepp. Skeiða- og Gnúpverjahreppur mun bætast við og þá eru viðræður við aðrar stofnanir hafnar.

Þetta er góð viðbót við eftirlits- og ráðgjafarhlutverk safnsins skv. lögum um opinber skjalasöfn. Sértekjur sem verða til eru nýttar til að auka starfshlutfall verkefnaráðsins starfsmanns.

Rætt hvort skjalasafnið ætti að taka þetta hlutverk að sér fyrir fleiri sveitarfélög og möguleika þess að ráða sérstakan starfsmanna. KB, GPK, VS og PTM tóku til máls.

4. Staða húsnæðismála

Staða húsnæðismála – KB fer yfir stöðu húsnæðismála og kynnir fundargerð framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar. KB, GPK, VS og PTM tóku til máls.

5. Önnur mál

Rafræn skjalavarsla – rætt um rafræna skjalavörslu, tilkynningu á rafrænum gagnakerfum til Héraðsskjalasafnsins og samvinnu milli sveitarfélaga og héraðsskjalasafna vegna langtímaavörslu rafrænna gagna. Héraðsskjalavörður vinnur að skýrslu vegna þessa í samvinnu með öðrum héraðsskjalavörðum. Þar á m.a. að skoða með hvaða hætti sveitarfélög geti heildstætt og sameiginlega unnið að tilkynningu, skilum og aðgengi að rafrænum gagnasöfnum. Mögulegt samstarf héraðsskjalasafna á Suður- og Vesturlandi vegna reksturs móttökuverkstæðis o.fl. Meta þarf faglega hvaða skjöl þarf að varðveita til langframa og hvað varðveisla rafrænna skjala kostar. Sveitarfélög þurfa að geta valið milli fleiri tæknilausna á sama tíma og tryggja þarf áreiðanleika rafrænna gagna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:30.

Kjartan Björnsson [sign]

Gestur Þór Kristjánsson [sign]

Valgerður Sævarsdóttir [sign]

Þorsteinn Tryggvi Mátsson [sign]